

Fiskeldisstöð Rifoss að Lóni í Kelduhverfi

Breyting á deiliskipulagi

Í breytingu á deiliskipulagi er m.a. gert ráð fyrir þeim möguleika að fjölgja eldiskerjum á landi og að byggja nýja seiðastöð. Með breytingunni er verið að flytja framleiðslu í ríkara mæli í eldisker sem var áður í lóninu.

Breyting á deiliskipulagi fæst í eftirfarandi:

- Lóð seiðeldisstöðvar stækkar til norðurs og vesturs um 21.035,2 m² og verður stærð lóðar eftir breytingu 87.891 m². Eftir stækkan eru númerandi og fyrirhugaðar settjarnir norðan seiðastöðvar innan lóðar.
- Byggingarreitur (C) fyrir eldisker austan að komuvegar stækkar til norðurs og austurs þannig að hægt verður að koma fyrir allt að 20 eldiskerjum, ásamt tilheyrandu búnaði. Skv. gildandi skilmálum er heimilt að byggja allt að fjögur fiskeldisker, sem hvert um sig er allt að 15 m í þvermál og 500 m³ að rúmtaki. Sú breyting er gerð að heimilt verður að fjölgja þessum kerjum úr 4 í 16 og auk þess verður heimilt að byggja allt að 4 fiskeldisker sem eru allt að 24 m í þvermál og 1.400 m³ að rúmtaki.

Skilmálar fyrir kerin eru óbreyttir og eru þeir eftirfarandi:

Kerin verða staðsett austan númerandi vegar sem liggur að Seiðastöð og gert er ráð fyrir að botn kerja verði um 1,0 m undir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Hámarksvegghæð kerja frá botni er 4,0 m, eða 3,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar. Heimilt er að hafa göngubrú ofan á kerjum og skal handrið vera a.m.k. 0,9 m að hæð frá brúargölf. Heimilt er að byggja þak ofan á kerin og er hámarkshæð þaks 2,5 m yfir veggħæð kerja. Þakhæð er að hámarki sú sama og hæð á turni fiskeldisstöðvar eða 5,15 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

- Gert er ráð fyrir byggingarreit (F) fyrir nýja seiðastöð og er hann staðsettur vestan að komuvegar, handan númerandi og fyrirhugaðra eldiskerja.

Innan byggingarreits er heimilt að byggja seiðastöð á einni hæð með grunnfleti að hámarki 800 m². Þakform byggingar skal vera mænisþyk. Hámarksvegghæð er 3,0 m og mænisþyk að hámarki 5,5 m. Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls.

- Gert er ráð fyrir byggingarreit (G) fyrir eitt eldisker vestan númerandi seiðastöðvar. Kerið má vera allt að 15 m í þvermál og 500 m³ að rúmtaki. Hámarksvegghæð kers frá botni er 4,0 m og 3,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi lands.

- Sýnd eru tvö svæði þar sem gert er ráð fyrir að gámar geti verið staðsettir:

SV1: Svæði við aðkomuveg, á móts við sundlaugarhús, þar sem heimilt er að staðsetja two 40 feta gáma sem hýsa vararafstöð annarsvegar og bírgðageymslu hinsvegar.

SV2: Svæði vestan númerandi seiðastöðvar þar sem heimilt er að staðsetja einn 40 feta gáma sem hýsa fóðurkerfi.

Gert er ráð fyrir nýjum settjörnum á um 3,5 m haðan austan númerandi seiðastöðvar en fyrir eru settjarnir norðan seiðastöðvarinnar. Skilmálar fráeitu vegna starfseminnar seiðastöðvar eru óbreyttir en þeir eru m.a. eftirfarandi:

Fráveita frá fyrirhugaðum fiskeldiskerjum skal vera með sama hætti og númerandi fráveita. Skv. gildandi starfsleyfi ber rekstraraðila að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Rekstraraðila skal nota bestu fánalegu tækní (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn.

- Fjórar borholur fyrir ferskt vatn eru á skipulagssvæðinu en ekki er fjallað um lagrin frá þeim í gildandi deiliskipulagi. Heimilt er að hafa vatnslagnir á milli borholana og frá þeim að byggingarreitum fyrir seiðastöðvar og fiskeldisker.

Vatnstaka sem er allt að 300 l/s er tilkynningsarskyld framkvæmd og vatnstaka umfram 300 l/s er ávallt matsskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

- Í Intra-Lóninu er skilgreint svæði þar sem heimilt er að staðsetja eldiskiðar og flytja til í samráð við eftirlitsaðila. Skilgreint er annað slíkt svæði í lónini um 250 m vestan númerandi seiðastöðvar. Stærð svæðisins er 120x200 m og innan þess er heimilt að hafa allt að 12 eldiskiðar. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu.

- Bætt er inn á skipulagsupprátt fornminjum sem skráðar voru í fornleifaskráningu Kelduhverfis auk minja sem Minjavörður Norðurlands eystra fann og maði upp á vettvangi. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæða og ekki taldir í hættu.

Minnt er á 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um verndun fornleifa:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, grunda eða breyta, hylja, laga, afлага eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnit getur talist. Minjastofnun Íslands er skilt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðholðið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar eftir auglýsingar- og kynningaríma:

- Bætt er við upplýsingum um að vatnstaka sem er allt að 300 l/s er tilkynningsarskyld framkvæmd og vatnstaka umfram 300 l/s er ávallt matsskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Bætt er við upplýsingum um fornminjum, þær færðar inn á skipulagsupprátt og minnt á 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um verndun fornleifa.

Breyting á deiliskipulagi er unnin í samráði við landeigendur.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 27.06.2013.

Umhverfisáhrif

Í niðurstöðu umhverfisskýrslu gildandi deiliskipulags kemur fram að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið, en jákvæð áhrif á vatn og vistkerfi.

Breyting á deiliskipulagi er ekki talin breyta þessu mati.

Sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar uppyggingsar skv. breytingu á deiliskipulagi eru talin óveruleg. Fyrir eru á svæðinu byggingar, eldisker á landi, eldiskiðar í lóni ásamt örðrum mannvirkjum vegna númerandi starfsemi Rifós. Fyrirhugað ný mannvirkja skv. breytingu deiliskipulagi eru allt að 17 ný eldisker og ný seiðastöð en hæð mannvirkja og umfang verður í skala við þau mannvirkir sem fyrir eru á svæðinu. Vegna þess er ekki talid að sjónræn áhrif uppyggingsar skv. breytingu deiliskipulagi verði neikvæð.

Mengun
Í gildi er starfsleyfi fyrir Rifós sem gildir út árið 2027. Í gildandi starfsleyfi eru ýmis skilyrði sett fyrir rekstri stöðvarinnar, m.a. hvað varðar varnir gegn mengun. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á starfsleyfi vegna breytingar á deiliskipulagi. Fyrirtækið hefur hingað til farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru og engin ástæða er til að ætla að breyting verði þar á. Vegna þess er talið að áhrif á mengun skv. breytingu deiliskipulagi verði óveruleg.

Vatn og vistkerfi
Í breytingu á deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 17 nýjum kerjum fyrir fiskeldi. Með tilkomu þessara kerja mun hluti þeirrar starfsemið framleiðslu sem fram fer í kvíum í lóninu færast í þessi nýju ker á landi. Með þerri aðgerð að minnka starfsemi í lóninu er verið að minnka líffræðileg alág á lónið og því eru áhrif á vistkerfi talin jákvæð.

Samantekt og niðurstaða


Niðurstaða umhverfismats er sú breyting á deiliskipulagi muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið, en jákvæð áhrif á vatn og vistkerfi.



ÁÐUR GILDANDI DEILISKIPULAG, DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR C, MKV. 1:2000



BREYTT DEILISKIPULAG, DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR C, MKV. 1:2000



SKÝRINGAR

MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS

JARDMÖRK

LÓDARMÖRK

NÚVERANDI BYGGINGAR

SVÆÐI FYRIR GÁMA

SV1 = VARARFSTÖÐ OG BIRGDASTÖÐ

SV2 = FÓÐURKERFI

BYGGINGARREITIR

A = SEIÐASTÖÐ - FISKELDISSTÖÐ

B = SUNDLAUGARHÚS

C = FISKELDISKER (20 ST.)

D = SLÁTRIHÚS

E = FÓÐURSTÖÐ/GEYMSLA

F = NÝ SEIÐASTÖÐ

G = FISKELDISKER (1 ST.)

NÚV. BYGG. UTAN SKIPULAGSSV.

AKVEGIR

NÚV. ELDISKVÍAR

SVÆÐI FYRIR ELDISKVÍAR

NÚV. ELDISKER

BORHOLA - KALT VATN

ROTÞRÓ

LÓÐARSTÆRD

MINJAR

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR

VERID SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA

NR. 123/2010 FRÁ 30. JANÚAR TIL 13. MARS 2018

VAR SAMÞYKKT I SVEITARSTJÓRN ÞANN 20. MARS 2018

SVEITARSTJÓRN NORDURÞINGS

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖÐLADIST GILD MED

AUGLÝSINGU Í B-DEIL STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____

13.03.2018. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

NORDURÞING - KELDUHVERFI

RIFÓS - FISKELDISSTÖÐ


BREYTTING Á DEILISKIPULAGI

KVARÐI-A1: 1:2000 TEIKN NR.: 001

DAGS: 05.01.2018 HANNAD: ól

FLOKKUR: 6100 TEIKNAÐ: ól

SKRÁ: RIFOS-DSK-BR-2018-02-05 VERKNR.: 17210



LANDSLAG

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA

SKOLAVORÐUSTIG 11 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 536 5000

KAUPANGI VIMÝRARVEG - 600 AKUREYRI - SÍMI: 460 4440

WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS